



EINKARÝMI OG ALMANNAFÆRI

EINKARÝMI OG ALMANNAFÆRI
HEGÐUN Í EINKARÝMI OG ALMANNAFÆRI

Einkaréymi og almannafæri

© Texti: María Jónsdóttir og Guðrún Þorsteinsdóttir

© Teikningar: Sigmundur Breiðfjörð Þorgeirsson

Útgefandi: Leikni, Reykjavík 2016

Netfang: leikni@leikni.is

Umbrot: Sigrún Kristín Árnadóttir

Öll réttindi áskilinn.

Bækling þennan má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með prentun, ljósmyndun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt að hluta eða í heild án skriflegs leyfi höfunda og útgefanda.

Sérstakar þakkir fá: Sérstakar þakkir fá: Halldóra Jónsdóttir, Jóhann Arnarsson, Jón Þórður Baldvinsson og Anna Lilja Magnúsdóttir fyrir yfirlestur og gagnlegar ábendingar sem og styrktaraðilar.

Styrktaraðilar:



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

EINKARÝMI OG ALMANNAFÆRI

Einkarými og almannafæri


Einkarými og almannafæri geta verið flókin orð.

Það getur verið hjálplegt að hugsa að einkarými er staður þar sem maður getur verið einn og í næði.




Almannafæri

Almannafæri er staður sem er öllum opinn, eins og til dæmis bíó, sund og skóli.



Einkarými á heimili

Á öllum heimilum eru einkarými, það eru til dæmis baðherbergi og svefnherbergi.



Almannafæri á heimili

Almannafæri á heimilum fólks er svæði sem heimilismenn nota saman, eins og stofa, eldhús og gangur.



Klósett í einkarými og á almannafæri

Klósettið heima hjá þér er
einkarými.

Klósettið í skólanum, bíó eða
vinnunni er á almannafæri vegna
þess að margir aðrir nota það.



Einkarými

Ef þú vilt fá að vera í friði á klósettinu eða í herberginu þínu þá er hægt að læsa hurðinni, biðja fólk um að banka áður en það kemur inn eða setja skilti á hurðina.



HEGÐUN Í EINKARÝMI OG Á ALMANNAFÆRI

Hegðun á almannafæri

Þegar við erum á almannafæri gilda ákveðnar reglur sem við þurfum að kunna, til dæmis hvernig við komum fram við aðra og hvað við gerum og segjum.

RANGT



RÉTT



Hegðun í einkarými

Sum hegðun á bara heima í
einkarými og er einkamál sem við
viljum ekki að aðrir sjái eða viti um.



Að klæða sig

Þegar við klæðum okkur
eða lögum fötin á okkur þá
gerum við það í einkarými.



Að klóra sér

Ef okkur klæjar t.d. í kynfærin eða rassinn og þurfum að klóra okkur þurfum við að passa að gera það í einkarými.

Aldrei vera með hendur ofan í buxunum á almannafæri.




Að prumpa eða ropa

Ef við þurfum að prumpa eða ropa þá reynum við að komast í einkarými.

Það er dónalegt að gera það fyrir framan aðra.

Ef það gerist óvart þá segjum við „afsakið“.



Að snerta einkasvæði líkamans

Ef þú vilt snerta á þér kynfærin þá þarftu alltaf að vera í einkarými.



Reiður eða sorgmæddur

Ef við erum leið eða reið þá getur verið gott að fara afsíðis og vera í einkarými með fólki sem við treystum vel á meðan við jöfnum okkur.



Er þetta í lagi?

Ef við þurfum að hreinsa á okkur nafið þá notum við bréf til að snýta eða hreinsa nafið og hendum svo bréfinu.

Við gerum það í einkarými eða snúum okkur undan svo fólk sjái ekki.



Einkarými eða almannafæri?

Bíll er ekki einkarými. Aðrir geta séð inn um rúðuna.



Er þetta í lagi?

Lítil börn eru stundum allsber heima hjá sér eða á bleyjunni.

Það er öðruvísi þegar þú ert orðinn stór strákur eða stelpa, 10 ára eða eldri, eða orðinn unglingur.

Þá er óviðeigandi/ekki í lagi að vera nakinn fyrir framan fjölskylduna þína eða annað fólk á almannafæri.




Er þetta í lagi?

Það er aldrei í lagi að nudda píkuna eða typpið á almannafæri.


Allar sturtur eru á almannafæri nema sturtan sem er heima hjá þér.

Það er í góðu lagi að snerta sig eða fróa sér ef þú ert í einkarými, það er í herberginu þínu eða baðherberginu heima hjá þér.



Er í lagi að vera nakinn á almannafæri?

Það er næstum aldrei í lagi að vera nakinn eða fáklæddur á almannafæri nema á ákveðnum stöðum eins og til dæmis í búningssklefum.



Staðir sem er í lagi að vera fáklæddur á

Það eru nokkrir staðir þar sem er í lagi að vera nakinn eða fáklæddur fyrir framan aðra á almannafæri.

Það er til dæmis í búningsklefa, á ströndinni og í sundi.



Er þetta í lagi?

Að kela og kyssast á eingöngu að eiga sér stað í einkarými en ekki fyrir framan aðra.



Að vera á klósettinu er einkamál

Að fara á klósettið er einkamál.
Við eigum aldrei að kíkja eða
njósna um aðra á meðan þeir
eru á klósettinu.




Einkasvæði líkamans

Allir eru með einkasvæði á líkamanum sínum.

Þessi svæði eru brjóst, typpi, píka og rass.

Við hyljum þessi svæði með nærfötum og sundfötum þegar við förum í sund.



Einkamál eða sem allir mega vita?

Hluti eins og sjálfsfróun, kynlíf, blæðingar og blauta drauma ræðum við bara við manneskju sem við treystum vel og þegar við höfum gott næði til þess.



Einkamál eða sem allir mega vita?

Ef við erum mjög leið eða reið þá reynum við að fara afsíðis og vera í einkarými eða með fólki sem við treystum vel á meðan við jöfnum okkur.

